

Árið 2003 þriðjudaginn 6. maí kl. 1.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 11. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Páli Alfreðssyni f.h. eigenda að íbúðarhúsinu að Ægissíðu 3 Grenivík um einangrun og klæðningu á húsinu að utan, en þegar er búið að framkvæma verkið. Á kjallara var notaður ímúr, en á hæð og ris var sett alusink.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda full þörf á að lagfæra húsið, en bendir umsækjanda á, að sækja átti um leyfi áður en byrjað var á framkvæmdum.

2. Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars sækir um leyfi fyrir byggingu á parhúsi við Lækjarvelli 2-4 á Grenivík samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá arkitektur.is.

Byggingarnefnd samþykkir að hafnar verði undirbúningsframkvæmdir við verkið, en ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag og teikningar ekki fullfrágengnar og er því endanlegri afgreiðslu frestað.

Byggingarnefnd vill benda á hvort ekki færi betur á því að klæðning á fyrirhuguðu parhúsi yrði úr timbri í stað þeirrar klæðningar sem valin hefur verið. Yrði það til samræmis við hluta af þeim húsum sem búið er að byggja við götuna

3. Lagðar fram til kynningar af Baldvini Sveinssyni Laugartúni 23-b ófullgerðar teikningar eftir Birgi Ágústsson um byggingu á einbýlishúsi á lóð úr landi Brautarhóls Svalbarðsstrandarhreppi.

Byggingarnefnd tekur jákvætt í framlagðar teikningar og gefur leyfi fyrir að byrjað verði á framkvæmdum þegar fullunnar teikningar berast til byggingarfulltrúa.

4. Sigurgeir B. Hreinsson Hríshóli Eyjafjarðarsveit sækir um leyfi fyrir fjósbyggingu á jörðinni Hríshóli Eeyjafjarðarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Magnúsi Sigsteinssyni verk nr. 08-1710.

Byggingarnefnd samþykkir teikningarnar fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki eldvarnareftirlits. Einnig vill nefndin benda á vegna legu fjóssins og nálægðar við íbúðarhús á jörðinni hvort önnur staðsetning kæmi til greina.

5. Þórir Rafn Hólmgeirsson og Hólmgeir Valdimarsson Hólshúsum Eyjafjarðarsveit sækja um leyfi byggingarnefndar fyrir einbýlishúsi á lóð nr. B-5 á skipulögðu svæði á jörðinni Hólshúsum. Meðfylgjandi teikningar eru frá Verkfræðistofu Suðurlands verk. nr. 02264.

Byggingarnefnd samþykkir byggingu hússins, en fer fram á að útveggir á húsinu verði hækkaðir frá því sem framlagðar teikningar sýna.

6. Sigríður Rósa Sigurðardóttir sækir um leyfi fyrir að flytja geymsluskúr á íbúðarhúsalóð að Brekkutröð 7 Reykárhverfi. Meðfylgjandi er skissa eftir umsækjanda sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu á lóðinni og mynd af skúrnum.

Byggingarnefnd telur sig ekki geta leyft flutning á skúrnum þar sem ekki liggur fyrir samþykki sveitarstjórnar um slík mannvirki á lóðum í Reykárhverfi. Einnig bendir nefndin á að verði geymsluskúrar leyfðir þurfi þeir að fara vel í umhverfinu og samræmast húsum í hverfinu.

7. Erindi frá Benedikt Hjaltasyni um leyfi fyrir hjólhýsi á landspildu sinni sem er úr jörðinni Hrafnagili Eyjafjarðarsveit. Ennfremur er sótt um leyfi fyrir 4-5 m² húsi fyrir snyrtingu með áfastri geymslu 3-4 m². Meðfylgjandi er afstöðumynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu á hjólhýsinu, en ekki fylgja aðrir upprættir.

Byggingarnefnd veitir ekki fyrir sitt leyti, leyfi fyrir hjólhýsi á þessu svæði.

Varðandi uppsetningu á húsi fyrir snyrtingu og geymslu vísar byggingarnefnd umsækjanda á að snúa sér til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um hvort leyfð verði einhver mannvirki á fyrrnefndri landspildu.

8. Erna Sigurbjörg Traustadóttir Búðasíðu 2 Akureyri sækir um leyfi byggingarnefndar fyrir sumarhúsi á lóð nr. 4 á skipulögðu sumarhúsasvæði á jörðinni Steðja Hörgárbyggð. Meðfylgjandi teikningar eru eftir Adam Traustason dags. 24.04.03 og lóðarleigusamningur.

Samþykkt.

9. Jósef Tryggvason Þrastarhóli Arnarneshreppi óskar eftir samþykki byggingarnefndar til 2ja ára fyrir smáhýsi og hjólhýsi neðan Ólafsfjarðarveggar á jörð sinni Þrastarhóli samkvæmt meðfylgjandi teikningu og afstöðumynd eftir Róbert Árna Róbertsson. Búið er að byggja húsið og átelur byggingarnefnd umsækjanda fyrir að reisa húsið án leyfis.

Byggingarnefnd samþykki fyrir sitt leyti að húsið fái að standa á þessum stað í tvö ár, en um framlengingu á byggingarleyfi verður ekki að ræða.

Byggingarnefnd veitir ekki stöðuleyfi fyrir hjólhýsinu.

10. Þorgeir Jónsson Hólabraut 21 Hrísey óskar eftir leyfi fyrir að breyta útliti á stafnglugga á íbúðarhúsi sínu að Hólabraut 21. Meðfylgjandi er teikning af húsinu sem sýnir fyrirhugaða breytingu á glugganum.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Jónas Baldursson
Jósavin Gunnarsson